



Tegund eignar : Íbúð

Bæjarfélag / Hverfi :
Torrevieja

Izóna : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 2

Baðherbergi : 1

Byggingarár : 2025

Sundlaug : Nei

Garður : Nei

Eignin snýr : Á ekki við

Útsýni : Miðbær

Bílastæði : N/A

Fermetra stærð eignar : 44,2 m²

Stærð verandar : 1,8 m²

Flugvöllur : 40 min

Strönd : 3 min

Borg : 1 min

Golf : 15 min

- ✓ Hiti í gólf
- ✓ Innbyggð loftkæling

- ✓ Lyfta

- ✓ Verönd

Skemmtilegar nýjar íbúðir í miðbæ Torrevieja. Íbúðin sem um ræðir er með 2 svefnherbergjum og 1 baðherbergi með hita í gólfum. Íbúðin er í nýrri íbúðarbyggingu í hjarta Torrevieja. Þaðan er ekki nema um 700 metrar á ströndina og göngu færi í alla nauðsynlega þjónustu, verslanir, veitingahús og bari.

Erum einnig með íbúðir með 1 svefnherbergi í þessari glæsilegu byggingu.

Stutt er jafnframt að rölta til hafnarinnar í Torrevieja, en þar má meðal annars finna glæsilega veitingastaði, tívoli, báta, sæþotu leigur og kafbátasafnið í Torrevieja. Ekki sakar að tylla sér niður á rúmgóða verönd eins hinna fjölmörgu veitingastaða eða bari sem eru við höfnina og njóta þar síns upphalds kokteils í góðum félagsskap - með óhindrað útsýni til sjávar þar sem milt veðurlagið gerir alla daga að góðum dögum.

Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla meðfram hinum frægu salt vötnum Torrevieja/La Mata, heimili hinna bleiku flamingo fugla og njóta þar fjölbreyttrar og fallegrar náttúru og lífríkis. Auk þess er ekki úr vegi að rölta á björtu síðdegi meðfram Playa les Ortigues ströndinni sem liggur milli Torrevieja og strandbæjarins Guardamar, en þessi strönd er verndað náttúrusvæði þar sem hinn einstaklega hlýja og ósnortna náttúra Miðjarðarhafsins fær að njóta sín. Strandlengja þar sem sandhólar, náttúrulegur gróður og dýraríki ráða ríkjum, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 10 mínútna ökufjarlægð að heiman. Vertu velkomin að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um þessa einstöku eign!